

Reglur um tímabundna leikskóladvöl

1. gr.

Ef foreldri sem ekki á lögheimili á Íslandi óskar eftir tímabundinni dvöl fyrir barn sitt á leikskólum Garðabæjar skal umsókn þess efnis send leikskólafulltrúa.

2. gr.

Leikskólafulltrúi skal í samráði við viðkomandi leikskólastjóra taka umsóknina til afgreiðslu og verða við henni ef unnt þykir. Við mat á umsókn skal m.a. leggja til grundvallar tengsl barnsins við Ísland og augljósa kosti þess að það myndi tengsl við önnur börn hér á landi.

3. gr.

Gera má ráð fyrir að ósk um leikskóladvöl fyrir barn utan lögheimilissveitarfélags stafi einkum af eftirfarandi ástæðum:

1. Barn sem býr erlendis en dvelur tímabundið hjá ættingjum á Íslandi.
2. Barn sem býr erlendis en dvelur tímabundið á Íslandi vegna atvinnu foreldra.

4. gr.

Gjald vegna leikskólakostnaðar í tilvikum þessum skal vera samkvæmt gjaldskrá leikskóla Garðabæjar með 15% álagi.

Reglur þessar eru samþykktar á fundi bæjarráðs Garðabæjar fundi .

og staðfestar í bæjarstjórn á

Garðabæ, xx.xx.xxxx